

Sjálfsmatsskýrsla Þjósárskóla mars 2011.

Foreldrakönnun var lögð fyrir rafrænt í gegnum freeonlinesurvey.com dagana 13.-17. mars 2011. Spurt var um samskipti heimila og skóla, líðan barns, upplýsingamiðlun og vetrarfrí. Niðurstöðurnar eru notaðar til að bæta skólastarfið og efla samskipti milli heimila og skóla. Einnig verður tekið tillit til skýrrar niðurstöðu varðandi vetrarfrí.


Heimilin á bak við skólann eru 29 fyrir 43 nemendur. Helmingur heimila á 2 börn í skólanum. Þau heimili svöruðu tveimur spurningum umfram heimili með eitt skólabarn. Þetta var til þess að spurning um líðan barns og samstarf við umsjónarkennara ætti við öll börn. Það voru 28 heimili sem svöruðu könnuninni fyrir 42 börn. Gerð er grein fyrir niðurstöðum og áætlun að úrbótum hér á eftir.

19. mars 2011.

Með kveðju,

Ingibjörg María Guðmundsdóttir
skólastjóri Þjósárskóla.

Barninu mínu líður vel í skólanum.




- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hlutlaus
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

Niðurstaða: Kemur nokkuð vel út. Markmiðið er að öllum líði vel í skólanum.

Úrbætur: Að stuðla að betri vellíðan nemenda í þjórskóla.

Leiðir: Halda áfram með ART þjálfun í bekkjum. Umsjónarkennari bregðist strax við ábendingum um vanlíðan nemenda. Hvetja til jákvæðra samskipta milli kennara og nemenda. Styðja við fjölbreyttar kennsluaðferðir og að kennarar fari út fyrir hefðbundnar aðferðir í kennslu.

Samstarf við umsjónarkennara er gott.




- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hlutlaus
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

Niðurstaða: Þessi þáttur kemur nokkuð vel út, en markmiðið er að engin sneið verði græn eða fjólublá.

Úrbætur: Halda áfram að byggja upp gott samstarf við heimilin.

Leiðir: Nota Mentor til að koma upplýsingum til foreldra. Nýta tölvupóst oft til að miðla tilfallandi upplýsingum frá skóla og hvetja foreldra til gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar. Hvetja kennara til að miðla tíðar upplýsingum til foreldra og nýta símtöl reglulega fyrir samráð um áherslur í námi barns.

Ég hef samband við umsjónarkennara af fyrra bragði.




- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hlutlaus
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

Niðurstaða: Niðurstaðan er mjög góð. Það er góða staða að um 90% hafi samband við umsjónarkennara ef þörf er á.

Úrbætur: Hvetja foreldra til að hafa samband með allt sem þeim liggur á hjarta og taka samskiptum jákvætt.

Leiðir: Nota foreldraviðtöl til að hvetja foreldra til meiri samskipta. Hvetja kennara til að hafa samband símleiðis með jákvæð atriði í tengslum við nám og störf nemenda og hvetja um leið til aukinna samskipta við skólafólkið.

Ég les og hef gagn af vikulegum upplýsingum sem umsjónarkennari sendir í tölvupósti.




- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hlutlaus
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

Niðurstaða: Langflest heimili hafa gagn af vikulegum upplýsingum sem berast í tölvupósti. Æskilegt er að halda því áfram og bæta úr gagnsemi fyrir þá sem nýta þá ekki.

Úrbætur: Að fá öll heimili til að lesa vikulegar upplýsingar frá skóla og að þær séu gagnlegar fyrir upplýsingamiðlun.

Leiðir: Hvetja kennara til að vera í sífelldri upplýsingamiðlun svo það virki sem hvatning til foreldra að fylgjast með. Samræma meira þær upplýsingar sem berast frá kennurum.

Ég á gott samstarf við starfsfólk skólans.




Niðustaða: Þessi þáttur kemur mjög vel út fyrir skólann. Líklega reynir ekki á samstarf við þá sem svara hlutlaust.

Úrbætur: Halda áfram góðu starfi.

Leiðir: Starfsfólk haldi áfram að vera í góðu samstarfi við heimilin.

Ég get leitað til stjórnanda skólans ef upp koma vandamál.




Niðurstaða: Það er mjög góð niðurstaða að einungis eitt heimili telji sig ekki getað leitað til stjórnanda með vandamál. Markmiðið er að ljósbláa sneiðin hverfi. Líklega er græna sneiðin

Úrbætur: Að skýra boðleiðir um hvernig taka skuli á vandamálum og samskiptferfiðleikum sem koma upp.

Leiðir: Hafa boðleiðir/viðbragðsáætlanir aðgengilegar inni á heimasíðu skólans, þannig að foreldrar viti hvert þeir geti snúið sér. Hvetja umsjónarkennara til að kynna þær í foreldrasamtölum.

Skólinn tekur tillit til athugasemda sem ég set fram.




Niðurstaða: Yfir helmingur heimilja upplifa að tekið sé tillit til athugasemda og það er gott. Það reynir líklega ekki á það hjá þeim svara í grænu sneiðina. Þá eru eftir 3 heimili sem telja það frekar ólíklegt að athugasemdir beri árangur og 1 sem telur það mjög ólíklegt.

Úrbætur: Ígrunda þær athugasemdir sem hafa borist skólanum, eðli þeirra og úrvinnslu og meta út frá gagnsemi fyrir skólastarf.

Leiðir: Skoða samskipti við foreldra og ræða við starfsfólk um athugasemdir sem hafa borist og berast í framtíðinni.

Sveitarfélagið leggur metnað sinn í að byggja upp góðan skóla




Niðurstaða: Yfir 55% telja sveitarfélagið hafa metnað fyrir góðum skóla. Tæplega 20% taka ekki afstöðu og rúmlega 20% telja metnað ekki fyrir góðum skóla. Koma þarf meiri upplýsingum til foreldra um hugmyndir sveitarfélagsins í skólamálu.

Úrbætur: Efla upplýsingaflæði frá yfirstjórn skólamála til heimila.

Leiðir: Hvetja fulltrúa í skólanefnd og skólaráði til að miðla upplýsingum, til þess hóps sem þeir eru fulltrúar fyrir, um það starf og hugmyndir sem koma fram í skólanefnd/skólaráði. Standa fyrir málþingi/málfundum um skólamál í sveitarfélaginu. Kynna afrakstur slíkra funda í fréttabréfi.

Ég hef kynnt mér skólustefnuna.



Niðurstaða: Stór hluti heimila hefur kynnt sér skólustefnu sveitarfélagsins en 2 heimili alls ekki. Það má álykta að skólustefna sé aðgengileg en foreldrar hafa val um að kynna sér hana.

Úrbætur: Tryggja aðgengi allra að skólustefnu sveitarfélagsins og endurskoðun hennar.

Leiðir: Hafa opinn fund um skólustefnuna við endurskoðun og hafa hana á heimasíðu skólans þar sem hún er aðgengileg öllum.

Foreldrar fá tækifæri til að hafa áhrif á stefnu og starf skólans.




Niðurstaða: Helmingur svarenda tekur ekki afstöðu, en hinir skiptast aftur á milli þess að telja sig hafa áhrif eða ekki. Í við fleiri eru jákvæðari. Græni hlutinn gæti verið sá hópur sem sækist ekki eftir að hafa áhrif á málefni skólans eða hafi ekki reynt það.

Úrbætur: Skoða hvort fulltrúar foreldra í skólaráði/skólanefnd séu í tengslum við fulltrúahópin sinn og hvernig hægt væri að koma sjónarmiðum heimila beint til starfsmanna skólans.

Leiðir: Hvetja foreldrafulltrúa til að miðla upplýsingum markvisst til foreldrahópsins í heild. Gefa skilaboð til heimila þegar verið er að skipuleggja skólastarfið og kalla eftir áherslum og hugmyndum þeirra sem viðbót í hugmyndavinnu í upphafi skólaárs.

Ég fylgist vel með því sem sett er inn á heimasíðu skólans.




Niurstaða: Þessi þáttur sýnir að það eru 2 heimili sem nýta sér alls ekki þær upplýsingar sem fara inn á heimasíðu skólans. Til viðbótar eru 4 heimili sem fylgjast ekki mjög vel með. Langflestir nýta heimasíðuna.

Úrbætur: Ýta við foreldrum að fara inn á heimasíðu skólans og skoða upplýsingar þar.

Leiðir: Umsjónarmaður heimasíðu geri meira af því að senda tölvupóst með ábendingum um nýjar upplýsingar sem settar eru inn á heimasíðuna. Setja tilkynningar inn á mentor því fleiri nýta sér það.

Ég nýti mér Mentor til að fá upplýsingar um nám og barnsins míns.




Niðurstaða: Mentor virkar sem góður upplýsingamiðill fyrir heimilin. Langflest heimili nýta sér mentor. Æskilegt væri að kakan yrði eingöngu dökkblá og rauð.

Úrbætur: Tryggja að allir foreldrar hafi virkan aðgang að mentor og kunni að afla sér upplýsinga í kerfinu.

Leiðir: Hvetja kennara til að spyrjast fyrir um notkun á mentor og hjálpa foreldrum að komast inn í hvernig það er notað. Halda námskeið/kynningu að hausti fyrir foreldra.

Ég tek gjarnan þátt í foreldrastarfi skólans.




Niðurstaða: Um 63% heimila taka gjarnan þátt í foreldrasamstarfi, yfir 20% eru hlutlaus og um 15% gera það ekki. Best væri að engin sneið væri fjólublá eða ljósblá.

Úrbætur: Hvetja foreldra til samstarfs í félagslegum þáttum skólans.

Leiðir: Vera í samstarfi við foreldrafélag um viðburði í skólastarfinu. Fá fram hugmyndir foreldra um verkefni og útfærslur á foreldrastarfi við skólann.

Ég er hlynnt/ur því að tekið sé vetrarfrí í skólanum.




- MJÖG SAMMÁLA
- FREKAR SAMMÁLA
- HLUTLAUS
- FREKAR ÓSAMMÁLA
- MJÖG ÓSAMMÁLA

Niðurstaða: Það eru 63% heimila sem vilja vetrarfrí, um 11% taka ekki afstöðu og tæplega fjórðungur er á móti vetrarfrí.

Úrbætur: Taka tillit til meirihluta heimila.

Leiðir: Skóladagatal hafi vetrarfrí inni fyrir næsta skólaár.

Ég hef tækifæri til að nýta vetrarfrí skólans með fjölskyldunni.



- MJÖG SAMMÁLA
- FREKAR SAMMÁLA
- HLUTLAUS
- FREKAR ÓSAMMÁLA
- MJÖG ÓSAMMÁLA


Niðurstaða: Þrátt fyrir að 63% vilji vetrarfrí er niðurstaðan hér að einungis 45% telja sig nýta þau með fjölskyldunni. Fjórðungur tekur ekki afstöðu og rúmlega fjórðungur nýtir fríð ekki með fjölskyldu.

Úrbætur: Hvetja fyrirtæki og atvinnurekendur til að gefa foreldrum tækifæri til samveru með börnum í vetrarfríi skóla. Minna á vetrarfrí skólans á opinberum vettvangi.

Leiðir: Vera samtaka Flúðaskóla með tímasetningu á vetrarfríi.

Ef vetrarfrí er tekið í skólanum þá ætti það að vera:

- Á haustönn
- Á vorönn
- Vil ekki vetrarfrí
- annað



Niðurstaða: 52% heimila vill vetrarfrí á vorönn og tæplega 15% vilja frí á haustönn. Einn gefur svarið að fríð ætti að vera á lengri önninni og annar telur að það eigi að henta skólanum og að það væri til bóta að hafa það ekki í sept/okt því þá eru margir frídagar hvort eð er.

Úrbætur: Taka tillit til óska foreldra í skipulagningu á skóladagatali.

Leiðir: Setja vetrarfrí á vorönn í samráði við aðra skóla.